

## AUGLÝSING um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbærar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

*Nónhæð. Arnarsmári 36-40, Nónsmári 1-7 og 9-15. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Kópavogsbærar samþykkt þann 28. apríl 2020 tillögu að breyttu deiliskipulagi á kolli Nónhæðar. Nánar tiltekið nær breytingin til Arnarsmára 36-40 (hús A), Nónsmára 9-15 (hús B) og Nónsmára 1-7 (hús C). Í breytingunni felst eftirfarandi:

1. Arnarsmári 36-40: Í tillögunni er gert ráð fyrir bílakjallara vestan við fjölbýlishúsið allt að 950 m<sup>2</sup> að flatarmáli með 22 stæðum (undir fyrirhuguðum bílastæðum á yfirborði). Bílastæði innan lóðar verða alls 61. Fjöldi bílastæða á íbúð verður 1,5 í stað 1,2.
2. Nónsmári 9-15: Stærð bílakjallara við fyrirhugað fjölbýlishús verður um 1.000 m<sup>2</sup> í stað 1.400 m<sup>2</sup> með 27 bílastæðum. Fjöldi bílastæða innan lóðar verður 66. Fjöldi bílastæða á íbúð verður 1,5 í stað 1,7.
3. Nónsmári 1-7: Stærð bílastæðakjallara við fyrirhugað fjölbýlishús verður um 950 m<sup>2</sup> í stað 1.500 m<sup>2</sup> með 33 bílastæðum. Fjöldi bílastæða innan lóðar verður 80. Fjöldi bílastæða á íbúð verður 1,5 í stað 1,6.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.  
Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 28. maí 2020.*

**Birgir Hlynur Sigurðsson** skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 29. maí 2020